

Kópavogsbær  
Birgir Hlynur Sigurðsson,  
skipulagsstjóri  
Fannborg 2  
200 Kópavogur



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 3. júní 2013  
Tilvísun: UST20130300110/ksj

## Endurskoðun Aðalskipulags Kópavogs 2012 - 2024. Lýsing

Vísað er til erindis skipulagsstjóra Kópavogs er barst 15. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu vegna endurskoðunar aðalskipulags Kópavogs 2012 – 2024. Umhverfisstofnun vill koma eftirfarandi ábendingum varðandi lýsinguna á framfæri.

### Veitur og sorp

Í umfjöllun um veitur og sorp kemur fram að Vatnsendaland verði tengt fráveitukerfi höfuðborgarsvæðisins og ofanvatni veitt í settjarnir. Að mati Umhverfisstofnunar þyrfti að koma fram í umhverfisskýrslu nýrrar aðalskipulagstillögu upplýsingar um meðferð settjarna og hvort um vöktun og hreinsun ofangreindra settjarna er að ræða.


### Vatnsvernd


Umhverfisstofnun bendir á að í töflu 1 þar sem farið er yfir megin umhverfisþætti er fjallað verður um í umhverfisskýrslu kemur fram að fjallað verði um Lækjarbotna og upplandið en það kemur ekki fram í töflunni að ofangreind svæði eru á vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins.

### Umhverfisþættir

Varðandi viðmið við umhverfismat tillögu að aðalskipulagi Kópavogs 2012 - 2024 vill Umhverfisstofnun minna á reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999 sem viðmið er varða veitur. Varðandi mat á áhrifum á jarðfræði og jarðmyndanir og náttúruminjar minnir Umhverfisstofnun á 37. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999. Umhverfisstofnun bendir á viðmið varðandi yfirbragð byggðar sem er Menningarstefna í mannvirkjagerð, stefna íslenskra stjórnvalda í byggingarlist er gefið var út af Menntamálaráðuneytinu í apríl 2007.

Virðingarfyllst

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur



Sigurður Ingason  
Sérfræðingur